

Skipulagsstofnun  
Þórdís Stella Erlingsdóttir  
Borgartún 7b  
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 22. apríl 2024  
Málsnúmer: 202403-0057  
LA

## Efni: Umsögn um matsskyldufyrirspurn vegna aukinnar efnistöku í námunni Hólabrú og Kúludalsá

Vísað er í tölvubréf gegnum skipulagsgátt, dags. 22. mars 2024, þar sem Skipulagsstofnun óskar eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um matsskyldufyrirspurn vegna aukinnar efnistöku í námunni við Hólabrú og Kúludalsá, sunnan undir Akrafjalli.

Framkvæmdin snýr að aukinni efnistöku með stækkun á Hólabrúarnámu upp á 250.000 m<sup>3</sup>, stækkun Kúludalsá upp á 200.000 m<sup>3</sup> og 49.000 m<sup>3</sup> efni sem þegar hefur verið unnið úr Kúludalsánámu. Samtals nemur aukin efnistaka námunnar um 499.000 m<sup>3</sup> og stækkun um 6,3 ha. Nú þegar hefur verið unnin um 1.799.000 m<sup>3</sup> úr námunum tveimur, á um 27 ha svæði.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér greinargerð um framkvæmdina og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri.

Mikið rask er á námusvæðinu og ásýndaráhrifin eru mikil. Náttúrufræðistofnun telur að aukin efnistaka muni ekki hafa mikil umfram áhrif þess sem nú þegar er orðið. Ekki kemur fram í greinargerð hversu þykkar setmyndanir eru innan námusvæðisins eða hvort hægt sé að nýta betur efni sem þar er. Stofnunin telur að efnistakan eigi að takmarkast á milli þjóðveggar í suðri og gamla þjóðveggar í norðri. Efnistaka ofan við gamla veg mun liggja hærra í landinu og verða mun sýnilegri. Auk þess skapast þar hætta á hruni úr fjallshlíðinni fyrir ofan. Reiturinn fyrir ofan veg er um 1,6 ha og mælist Náttúrufræðistofnun til þess að honum sé sleppt. Inn svæðisins eru blettir af starungsmýrarvist og gulstaraflóavist sem eru vistgerðir með hátt verndargildi. Blettirnir ná ekki lágmarksstærð til að falla undir sérstaka vernd náttúruverndarlaga og umhverfisaðstæður eru þannig að erfitt verður að vernda þessa bletti.

Út frá ofangreindu telur Náttúrufræðistofnun að stækkun námusvæðis við Hólabrú og Kúludalsá þurfi ekki í mat á umhverfisáhrifum, en mælist til þess að ekki verði farið í efnistöku norður fyrir gamla þjóðveginn.

Virðingarfyllt,

*Lovísa Ásbjörnsdóttir*

Lovísa Ásbjörnsdóttir  
Jarðfræðingur, Náttúruverndarsvið

